



.....vegna þess að það er öffölgunarvandamál í heiminum og ég sem þoli ekki fólk. Ég þekki allt of mikið af fólki nú þegar,“ segir Hugleikur Dagsson, myndlistarmaður og gagnrýnandi.

Veiðir með gítarleikurum

Friðagurinn

ÓTTAR FELIX HAUKSSON ■ stundar veiðar, les bækur, teflir eða ferðast til Miðjarðarhafssvæðisins þegar hann á frí.

Óttar Felix Hauksson, plötútgefandi hjá Sonet, er einn þeirra sem guðirnir ákváðu að veita lítinn frítíma. Það ætti því engan að undra að þegar kemur loksins að því að hann á frí, veit hann alveg hvernig hann vill eyða því.

„Á sumrin fer ég að veiða þegar ég á frí,“ segir Óttar. „Við erum með lítinn klúbb sem heitir Top of the Line Angling Club. Þar eru kallar úr tónlistinni. Síðastliðið sumar fór hópur sem kallast rythmagítarleikarahollið í Fljótánnu. Það voru fjórir rythmagítarleikarar og einn sólógítarleikari sem fékk að fljóta með. Þetta voru Björgvin Halldórsson, sem er formaður klúbbsins, ég, Birgir Hrafnsson og Einar Bárðarson. Sólógítarleikarinn var Örn

Hjálmarsson, veiðimaður hjá Útílífi. Við reynum að fara helst tvo til þrjá tóra á sumri.“

Óttar nýtir frítíma sinn á sumrin svo í það að fylgjast með boltanum og Valur er hans lið. „Á veturna þá held ég mig meira inni fyrir og tek frekar upp á því að tefla skák eða lesa bók. Síðan fer ég á tónleika eða stunda eitthvað annað menningartengt.“ Lengri frí notar hann til þess að



ÓTTAR FELIX

Er á leiðinni á tónleikahátíðina á Midem í lok janúar.

ferðast og það er ekki bara Robertino sem heillar hann við Miðjarðarhafssvæðið. „Ég hef verið að fara til Ítalíu, Kanada,

Asíu og Grikklands. Ég er mjög hrifinn af Miðjarðarhafssvæðinu. Það er tært loftið og mátulega temprað.“ ■

Fréttir af fólki

Ólíkir menningarheimar halda áfram að blandast saman við Kárahnjúka en á þriðjudaginn hófst ítölskukennsla fyrir útlendinga í Kárahnjúkaskóla. Kennslan er ókeyppis og fer fram í skólanum á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 19.30 til 21 næstu sex mánuði. Kennnd verða undirstöðuatriði í ítölsku máli og málfræði, en markmið kennslunnar er að nemendurnir geti bjargað sér á ítölsku. Þetta er viðbragð við ákveðinni eftirspurn, bæði frá Íslendingum og erlendum verkamönnum sem hyggja á aukinn frama hjá Impreglio. Verkamennirnir hafa öllu minni áhuga á íslenskukennslu enda gera þeir fæstir ráð fyrir að festa rætur í kuldunum. Það er hins vegar talið að samskipti kynjanna ráði mestu um áhuga Íslendinga á ítölskunni en eins og náttúrufræðingarnir gera ráð fyrir munu sambönd Íslendinga og Ítala bera ávöxt í framtíðinni og þá er eins gott að tungumálaörðugleikar flækist ekki fyrir.

Jón Ársæll Þórðarson ætlar að fylgjast með ídolonum þremur sem kepptu til úrslita í Stjörnuleitinni á föstudaginn í þætti sínum Sjálfstætt fólk á Stöð 2 í kvöld. Eins og alþjóð veit stóð Karl B. Guðmundsson uppi sem sigurvegari en frægðarsólin mun sjálfsagt einnig skína á þau Önnu Katrínu og Jón Sigurðsson þannig að Jón Ársæll lítur á þau öll sem sigurvegara og sá sér þannig leik á borði og forvitnaðist um áhrif nýfengnar frægðar á krakkana áður en endanleg úrslit lágu fyrir.

■ Veistu svárið?

Svör við spurningum á bls. 6:

- 1. Anna Katrín.
2. Henri Paul.
3. Martin Lúther King.

Létu hafið teikna myndir

Þegar stuðlaberg myndast þá er það oftast af því að ís er yfir og þegar vatn fer inn í steininn og frýs þá brotnar steinninn niður. Þá kristallast bergið. Þetta kalla jarðfræðingar Frost Activity,“ segir Ólafur Elíasson myndlistarmaður. „Frost Activity“ er einmitt yfirskrift sýningar hans í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu sem opnuð var í gær. „Frostveðrun“ heitir þetta á íslensku.

„En þetta er svolítið opið hugsad líka,“ bætir Ólafur við. „Frost er náttúrulega eitthvað sem er fast og frosið, en activity er hreyfing. Og það er einmitt það ástand sem Ísland er oft í, að vera í frofrosu samfélagi, ekki síst í veðri eins og núna, en samt er fólk alltaf að gera eitthvað.“

Skammt er stórra högga á milli hjá Ólafi, því í dag opnar hann í Hafnarborg í Hafnarfirði aðra sýningu. Ekki á eigin verkum, heldur á myndlist föður síns, Elíasar Hjörleifssonar, sem lést árið



ÓLAFUR Á SÝNINGU SINNI Í HAFNARHÚSINU Ólafur Elíasson opnaði í gær stóra sýningu í Hafnarhúsinu í Reykjavík.

2001 aðeins 55 ára að aldri. „Pabbi er sjómaður úr Hafnarfirði og listamaður líka. Hann lifði ekki á listinni, en var samt alltaf með stóra vinnustofu og ég náttúrulega ólst upp í vinnustofunni hans og var alltaf í dótinu hans, í málningunni og teikningunum. List okkar fór í ólíkar áttir, en oft átti hún upptök sín í sömu hugmyndinni sem við höfðum verið að ræða okkar á milli. Eins og til dæmis hvað er hljóð og af hverju er hljóð til. Þetta voru svona ákveðnar grundvallarhugmyndir. Samskipti milli okkar voru alltaf mikil.“

Á sýningunni í Hafnarfirði eru nokkur verk sem þeir feðgar gerðu saman.

„Parna eru nokkrar teikningar sem við máluðum yfir, hann málaði yfir mig og ég málaði yfir hann.“



SJÁLFSMYND FÖÐUR

Þessi sjálfsmynd, sem Elíasi Hjörleifsson gerði, er meðal verka á yfirlitssýningu á verkum hans sem opnuð verður í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag. Ólafur sonur hans hefur valið verk á þá sýningu í minningu föður síns.

Sjaldan fellur eplíó...

ÓLAFUR ELÍASSON

■ fékk myndlistina beint í æð frá föður sínum, Elíasi Hjörleifssyni, sem sinni myndlistinni samhlíða sjómennsku. Elías lést árið 2001, aðeins 55 ára gamall. Í dag opnar Ólafur sýningu á verkum föður síns.

hann. Þarna eru líka önnur verk sem við gerðum saman seinna. Þetta var ákveðin teiknihugmynd sem við þróuðum saman en hann fór svo af stað með og var að búa til þessar myndir úti á sjó. Hugmyndin var sú að nota veltinginn á bátinum til þess að láta penna eða kúlu teikna mynd, sem þá var orðin einhvers konar teikning af yfirborði sjávarins og hreyfingum skipsins.“ ■

Ung ráð

Kynlíf fyrir fíkniefni?

Dagbjört Hákonardóttir 19 ára, nemi í MH

Ég er svo einangruð að ég þekki ekkert til neins sem er í þessari stöðu.

Ég á yngri systur sem hafa heyrð eitthvað svona slúður, en ég kaup þá ekki allt. Ég kaupi heldur ekki hvað sem er sem ég les í blöðunum. Ég er svo heppin að ég er ekkert í þessu.“



Diljá Mist Einarsdóttir 16 ára, nemi í Versló

Það er orðið það mikið um þetta að ég held að það verði flestir varir við þetta. Það er kominn tími til þess að við spyrjum okkur hvað eigi að gera við vandanum. Það þarf að beina þessari spurningu að stjórnmöldum. Þau eru að bregðast þessum krökkum í því hlutverki sem þau eiga að gegna. Til dæmis að þau séu að loka þessum og hinum stöðum sem þessir krakkar geta leitað til. Það er verið að loka nauðgunarmóttökum á spítölum og annað. Það er mesta hneykslismálið að þessir krakkar hafi ekkert að leita til þegar verst stendur á hjá þeim.“

Agnar Burgess 20 ára, nemandi í MR

Ég hef ekki orðið var við þetta. Ef fólk vill stunda vændi þá er það þess máli. En þegar þetta er komið út í það að litlar stelpur eru komnar út í þetta til þess að afla sér inn peninga eða húsaskjól þá er þetta komið út í



rugl. Mér er slétt sama um vændi ef haldið er rétt utan um það en þegar fólk er ekki að gera þetta af fúsum og frjálsum vilja þá erum við kominn á hálán ís. Til þess að losna við svona væri góð byrjun að útrýma dópi en þá er ekkert sem lögreglan getur tekið að sér. Það þarf sameiginlegt átak allra í þjóðfélaginu til þess.“

Sindri Eldon 18 ára, nemandi Borgarholtsskóla

Ég vildi óska að ég myndi fá slík tilboð. Nei, nei... þetta hefur engin áhrif á mitt umhverfi og ég verð ekkert var við þetta. Þetta kom mér alveg í opna skjöldu ég vissi ekkert af þessu. Ég adhyllist ekki þennan lífsmáta, svo vægt sé tekið til orða. Ég hef alltaf litið á það þannig að það fólk sem kemur sér út í svona vitleysu það er þarna út af því að það hlýtur að hafa viljað það á einhvern hátt. Það er ekki eins og maður vakni bara upp einn daginn og lendi í þessu, maður fer út í svona sjálfur. Þetta byrjar á fiktu og endar í svona rugli. Til að verja sig fyrir þessu þarf fólk að vera ekki eins trúgarn og það er. Fólk mætti alveg vera aðeins svartsýnna og draga góðmennsku fólks í efa, því það eru ekkert allir voðalega góðir. Ég held að það að treysta fólki sem á ekki að treysta hafi komið fólk í mikil vandræði, sérstaklega herna á Íslandi.“



steypustodin.is
Hellur og steinar
STEYPUSTÖÐIN
Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi
Nýtt aðalúmer 540 6800

HVAAA???! Má maður ekki tala um negrakossa lengur?! Er þá ekki heldur hægt að fá sér franskur kartöflur, Alaskalax, belgískar vöflur, sviðakjamma eða spila á júbáhörpu??
Neeiii...
Rocky

Fréttir af fólki
Ríkissjónvarpið hefur legið undir á mæli fyrir að hafa boðið greiðendum afnotagjalda upp á kvikmynd Hrafn Gunnlaugssonar, Opinberun Hannesar, á nýársdag. Það lá að vísu nokkuð á þar sem það varð að frumsýna hana nánast samtímis í kvikmyndahúsi og sjónvarpi til að uppfylla kröfur styrktaraðila. RÚV tryggði sér sýningarrettinn á íslensku kvikmyndinni Reykjavík Guesthouse fyrir rúmu ári en ekkert hefur bólað á henni í dagskrá Sjónvarpsins. Þeir sem séd hafa báðar myndirnar telja hana vel standast samanburð við nýjustu mynd Hrafn og sjá því ekkert því til fyrirstöðu að RÚV beri hana sem fyrst á borð landsmanna.